

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

24. maí 2024

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kópavogsdals – útivistarsvæði. Nýr æfingavöllur með lýsingu

Vísað er til tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina að Dalsmára 5, Kópavogsdalur – útivistarsvæði (reitur ÍÞ-4), sem auglýst hefur verið í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. samþykki bæjarstjórnar Kópavogs þann 12. mars 2024.

Undirrituð hefur haft til skoðunar fyrirbyggjandi tillögu og telur rétt að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í upphafi þykir rétt að víkja að því sem fram kemur í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 („**aðalskipulag**“) um aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu, þ.m.t. uppbyggingu íþróttaaðstöðu á reitnum ÍÞ-4.

Í kafla 6.2 í aðalskipulaginu er það tilgreint sem eitt af þremur höfuðmarkmiðum skipulagsins að börnum og unglingum verði gert kleift að stunda íþróttir við sitt hæfi. Þá kemur fram að þetta skuli gert m.a. með því að bjóða upp á fjölbreytta aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu.

Í umfjöllun aðalskipulagsins um reitinn ÍÞ-4, sem fyrirbyggjandi deiliskipulagstillaga tekur til, er sérstaklega tekið fram að ljóst sé að þörf verði á að víkka út starfsemi Breiðabliks á svæðinu, bæði hvað varðar mannvirki og aðstöðu til íþróttaiðkunar og tengdrar starfsemi. Gert sé ráð fyrir að unnið verði að deiliskipulagi af svæðinu, ÍÞ-4, á grundvelli þarfagreiningar félagsins þegar hún liggur fyrir.

Hvað varðar aðstöðu til iðkunar á frjálsum íþróttum er skemmst frá því að segja að lítið hefur gerst í þeim málum frá því að íþróttaaðstaðan í Smáranum var byggð og hefur aðstaðan í raun versnað nokkuð frá þeim tíma. Sem dæmi mætti nefna að Kópavogsvöllur er ekki lengur löglegur keppnisvöllur í frjálsum íþróttum eftir að gervigras var lagt á knattspyrnuvöllinn auk þess sem tartan á hlaupabraut vallarins er svo illa farið að það er ekki keppnishæft.

Eins og aðalskipulagið gerir ráð fyrir hefur aðalstjórn Breiðabliks að undanfögnu unnið að þarfagreiningu innan deilda Breiðabliks um þróun á aðstöðu fyrir félagið í heild sinni, þar sem m.a. koma fram tillögur um uppbyggingu á íþróttaaðstöðu fyrir frjálsar íþróttir. Þann 19.júní 2023 óskaði aðalstjórn eftir að fá að hefja formlegt samtal við Kópavogsbæ til að ljúka þeirri vinnu. Bærinn hefur enn ekki svarað þeirri beiðni og hefur félagið því beðið í nær heilt ár eftir að geta hafið það samtal og

lokið vinnunni í samstarfi við bæinn. Því er ljóst að fyrirbyggjandi tillaga að deiliskipulagsbreytingu á reitnum ÍP-4 er ekki í samræmi við þá þarfagreiningu eins og aðalskipulagið gerir ráð fyrir.

Það er því beinlínis rangt sem kemur fram í fyrirbyggjandi uppdrætti að breytingartillögunni, dags. 29. febrúar 2024, að breytingartillagan sé í samræmi við gildandi aðalskipulag, enda gerir aðalskipulagið ráð fyrir því að breytingar á deiliskipulagi svæðisins grundvallist á fyrrgreindri þarfagreiningu, sem ekki liggur fyrir.

Þar að auki er það mat undirritaðrar að sú tillaga sem fyrir liggur sé ekki einungis í ósamræmi við gildandi aðalskipulag heldur í beinni andstöðu við þá þarfagreiningu sem unnið hefur verið að af hálfu aðalstjórnar félagsins. Miðað við þá vinnu sem unnin hefur verið mætti telja það líklegt að það svæði sem fyrirhugað er að nýta undir hinn nýja æfingavöll myndi henta betur undir önnur mannvirki, í fjölgreina íþróttafélagi, en æfingavöll fyrir knattspyrnu.

Loks er það mat undirritaðrar að ef fyrirbyggjandi tillaga næði fram að ganga gæti það haft verulega hamlandi áhrif á aðra nauðsynlega uppbyggingu íþróttaaðstöðu á svæðinu. Telur undirrituð það nauðsynlega forsendu fyrir deiliskipulagsbreytingum á svæðinu að lokið sé við þarfagreiningu í samstarfi við Kópavogsbæ og að deiliskipulagsbreyting á svæðinu taki mið að heildstæðri þörf félagsins.

Með hliðsjón af framangreindu gerir undirrituð verulegar athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu og krefst þess að henni verði synjað.

Bergrún Arna Óladóttir

Bergrún Arna Óladóttir